

Fimmtudaginn 19. mars 1998.

Nr. 335/1997.

Steingrímur Helgason

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

Aðilaskipti. Skriflega flutt mál. Skaðabætur. Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1997 og krefst þess, að krafa stefnda verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta var höfðað fyrir héraðsdómi af Gunnari Stefánssyni til heimtu bóta úr hendi áfrýjanda vegna líkamsárásar. Tjónþoli fór þess einnig á leit við bótanefnd samkvæmt lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, að bætur til sín vegna líkamsárásar þessarar yrðu greiddar úr ríkissjóði. Eftir uppsögu héraðsdóms kom nefndin saman og ákvað 14. október 1997 að greiða tjónþola bætur samkvæmt dóminum. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til ríkisfélagsins 24. október 1997 var þess óskað, að greiðsla bótanna yrði innt af hendi, en það var gert með tékka til lögmanns Gunnars 30. október 1997, sem innleystur var 5. nóvember sama árs. Með greiðslu þessari öðlaðist stefndi rétt tjónþola gagnvart tjónvaldi, sem nemur fjárhæð bótanna, sbr. 19. gr. laga nr. 69/1995, og tók við aðild að máli þessu, sbr. 22. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þessarar breytingar á aðild málsins var að engu getið í greinargerð lögmanns tjónþola fyrir Hæstarétti 5. nóvember 1997, og tilkynnti hann réttinum ekki um hana fyrr en í þinghaldi 25. febrúar sl. Málflutningi var þá frestað, til þess að hinum nýja eiganda kröfunnar gæfist kostur á að láta í ljós, hvort hann léti málið til sín taka og héldi uppi fyrir Hæstarétti vörnum gegn kröfum áfrýjanda um endurskoðun héraðsdóms.

Með bréfi 4. mars sl. til Hæstaréttar var kynnt sú ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að fela lögmanni, sem áður fór með málið af hálfu tjónþola, að gæta hagsmuna ríkisins í máli þessu og krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var tekið fyrir að nýju í Hæstarétti 18. mars. Þá krafðist áfrýjandi þess, að farið yrði með málið sem útivistarmál, þar sem aðilaskipti hefðu orðið varnar megin í málinu eftir áfrýjun þess, en hinn nýi aðili, íslenska ríkið, hefði ekki skilað greinargerð samkvæmt 3. mgr. 158. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 12. gr. laga nr. 38/1994. Var málið þá dómtekið eftir þessu ákvæði. Samkvæmt framansögðu verður litið svo á, að stefndi krefjist staðfestingar héraðsdóms.

II.

Í héraðsdómi er því lýst, að Gunnar Stefánsson hafi í lok dansleiks á skemmtistað áreitt sambúðarkonu áfrýjanda, og hafi áfrýjandi stuggað við honum og stimpingar orðið með þeim. Áfrýjandi hefur sjálfur lýst því, að hann hafi misst stjórn á skapi sínu og slegið Gunnar niður. Hann hefur viðurkennt að hafa sparkað í Gunnar, eftir að hann féll í gólfið. Vegna þessa hlaut áfrýjandi dóm fyrir líkamsárás 2. júlí 1993.

Aðila greinir mjög á um aðdraganda stimpinganna. Fallist verður á með héraðsdómara, að leggja megi frásögn áfrýjanda til grundvallar, en sýnt er með framburði vitna, að Gunnar var ölvaður. Enda þótt samskipti aðila hafi hafist með áreiti Gunnars, verður fallist á niðurstöðu héraðsdómara um bótaskyldu áfrýjanda og að ekki sé ástæða til að skipta sök, eins og hér standi á.

Með vísan til forsendna héraðsdóms má fallast á ákvörðun hans um bótafjárhæð. Verður héraðsdómur staðfestur.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi beri sjálfur sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. maí 1997.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri fyrir stefnda 18. desember 1996, en var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 15. apríl sl.

Stefnandi málsins er Gunnar Stefánsson, kt. 010557-6079, Krummahólum 4, Reykjavík, en stefndi er Steingrímur Helgason, kt. 030864-3799, Hraunbæ 152, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2.588.385 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt fram lögðu málskostnaðaryfirliti auk dráttarvaxta af málskostnaði frá fimmtánda degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara er þess krafist, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo: Hann hafi verið staddur á skemmtistaðnum Ömmu Lú í Reykjavík aðfaranótt 17. janúar 1993. Á leiðinni út þaðan hafi stefndi ráðist á sig án nokkurs tilefnis og slegið sig fyrirvaralaust nokkur hnefahögg í andlit, svo að hann féll í gólfið. Síðan hafi stefndi sparkað í sig liggjandi. Hafi hann hlotið varanlegt líkamstjón af völdum árásarinnar.

Lýsing stefnda á atburðarás er með öðrum hætti. Hann hafi verið staddur á umræddum skemmtistað aðfaranótt 17. janúar 1993 ásamt Ásu Fönn Friðbjarnardóttur, sambýliskonu sinni, og Höskuldi Guðmundssyni, vini þeirra. Kona sín hafi farið á snyrtingu staðarins. En er hún var á leið þaðan, hafi hann veitt því athygli, að stefnandi hafi veist að henni og áreitt hana. Hún hafi hraðað sér til þeirra og leitað skjóls bak við stefnda, en stefnandi hafi fylgt fast á eftir og reynt að komast í veg fyrir hana. Stefndi hafi því beðið stefnanda að hætta þessu áreiti við konuna, þar sem hún hefði ekki áhuga á að tala við hann. Stefnandi hefði þá veist að sér, gripið í vasa á silkiskyrtu sinni og rífið niður úr vasanum. Átök hafi þá hafist, sem enduðu með því, að hann hafi slegið stefnanda í gólfið. Hafi hann við svo búið farið af vettvangi og kona sín ekið sér á slysavarðstofu, þar sem hann hefði handarbrotnað í átökunum. Áður en hann fór af vettvangi, kvaðst hann hafa skilið eftir nafnspjald sitt, ef einhver eftirmál kynnu að verða, þar

sem dyraverðir hefðu ekki verið viðstaddir, þegar atburðurinn varð. Á slysavardstofunni hafi hann hitt stefnanda fyrir. Hafi hann verið mjög drukinn og haft í hótunum við sig og konu sína.

Stefnandi kærði atburð þennan til lögregluþfirvalda. Höfðað var refsímál á hendur stefnda, sem lauk með dómi, upp kveðnum í Héraðsdómi Reykjavíkur 2. júlí 1993. Lyktir málsins urðu þær, að stefnda var gert að sæta varðhaldi í sextíu daga, en fullnustu refsingar var frestað, og skyldi hún falla niður að liðnum tveimur árum. Stefnandi gerði þá kröfu í refsímalinu, að stefnda yrði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 647.601 kr., sem var þannig sundurliðuð: Bætur fyrir tímabundið tekjutjón 255.996 kr., miskabætur 300.000 kr., bætur vegna útlagðs kostnaðar samkvæmt kvittun 71.930 kr. og lögfræðipóknun 18.675 kr. Að mati dómsins var kröfugerð stefnanda ekki studd nægjanlegum gögnum, og var skaðabótakröfu hans því vísað frá dómi.

Af þessum sökum fór stefnandi þess á leit við Júlíus Valsson lækni, að hann legði mat á varanlega örorku sína af völdum þess áverka, sem hann hafði hlotið af völdum stefnda. Örorkumatið er dags. 15. ágúst 1996. Það er reist á sjálfstæðri skoðun læknisins, en einnig er stuðst við læknisvottorð Gerðar Jónsdóttur læknis, dags. 18. og 28. janúar 1993, og vottorð Einars Ólafssonar læknis, sem dagsett eru 16. febrúar 1993 og 26. apríl 1994. Í vottorði Gerðar Jónsdóttur frá 18. janúar 1993, sem liggur frammi í málinu, kemur fram, að stefnandi hafi leitað á Heilsugæslustöðina í Efra-Breiðholti sama dag. Í vottorðinu segir m. a.: „Við skoðun 18. 1. 1993 er Gunnar nefbrotinn, með mikla blæðingu og bólgu kringum augu og mikla subconjunctival blæðingar á v. auga. Einnig kvartar hann um verki yfir v. mjaðmar-svæði og eymsli á v. temporal-svæði, en ekki sjást þar áverkamerki. Eftir höggjóð verkir í T.M.J. (kjálkaliðum, – innskot dómara) báðum megin, sem hafa verið skánandi, eymsli þar yfir núna.“

Stefnanda var vísað til Einars Ólafssonar, sérfræðings í háls-, nef- og eyrnalækningum. Í örorkumati er vísað til vottorðs Einars frá 16. febrúar 1993, sem ekki liggur frammi í málinu. Af því má ráða, að stefnandi hafi verið mikið marinn í kringum bæði augu við skoðun læknisins 16. febrúar, og eins, að blætt hafi undir hvítu í vinstra auga. Engin brot hafi greinst við röntgenmyndatöku, en hins vegar hafi komið í ljós brot í brjóski í miðnesi og örlítil skekkja yfir til vinstri. Þó var ekki talin þörf á skurðaðgerð að mati læknisins. Í vottorði Einars frá 26. apríl 1994 segir svo: „... Það vottast, að undirritaður skoðaði Gunnar nýlega. Eins og kemur fram í fyrra áverkavottorði frá 16. 2. 1993, var ráðist á Gunnar á skemmtistaðnum Ömmu Lú og sparkað í andlit honum. Fékk Gunnar mikið mar vinstra

meigin í kringum vinstra auga og á vinstri kinn. Ekki var hægt að sýna fram á beinbrot í andliti, en hann fékk mjúkpartaskaða, þannig að bæði var mar í kringum augað og á kinninni vinstra meigin og einnig skyntuflun í taug, sem liggur í augnbotninum og kemur út neðan við vinstra auga. Þá hlaut Gunnar brot á brjóski í miðsnesi, og hefur það angrað hann talsvert. Vinstri nös er þrengri, og eru ópægindi, þegar komið er við þetta brotna brjósk, sem liggur í nefbroddinum. Hann kvartar um ópægindi út frá þessum taugaskaða, sem hann hefur orðið fyrir. Hann hefur smá-dofatilfinningu í húðsvæði neðanvert við vinstra auga og fram í nef og veruleg ópægindi, þegar hann er úti í kulda, fær kuldatilfinningu og verk í andlitið vinstra meigin. Niðurstaða er því taugaskaði á nervus infra orbital-taugina vinstra meigin, sem veldur Gunnari ópægindum, einnig erfiðara að anda með vinstri nös miðað við það, sem áður var, og hugsanlegt að laga þurfi brjósk í miðsnesi síðar meir með aðgerð, en talið er rétt við núverandi aðstæður að bíða með aðgerð. Telja verður, að þessi áverki á taugina sé varanlegur, þar sem svo langt er um liðið frá honum.“

Í þeim kafla örorkumatsins, sem fjallar um skoðun höfundar á stefnanda, er ástandi hans svo lýst: „Slasaði er hraustlegur og frásögn hans trúverðug. Hann er með útbreidd ör eftir brunasár á höfði, hálsi, bók og vi. meigin á andliti. Yfir processus zygomaticus vi. meigin fremur lateralt er mjúkt þykkildi, og lýsir slasaði dofatilfinningu í húð þar yfir. Einnig lýsir hann dofatilfinningu undir vi. auga, ofan við auga miðlægt og á vi. hlið nefs og nefrótur svo og á nefbroddi. Nefbroddur er viðkvæmur og brjósk í miðsnesi er skakkt og þrengir að vi. nös. Það skal sérstaklega tekið fram, að á ofan-nefndu svæði andlitsins, sem er skaddað eftir líkamsárásina, eru ekki brunasár, og skarast því þessir áverkar ekki að mati undirritaðs.“

Í niðurstöðukafla örorkumatsins er ástandi stefnanda lýst á eftirfarandi hátt:

„Eftir áverkann hefur slasaði haft þrálát ópægindi frá nefi og andliti vi. meigin. Hann þolir ekki að vera úti í köldu veðri vegna kulsækni í andliti. Talsverð ópægindi eru í nefbroddi, sem hann lýsir sem „kláðaverkjum“. Lyktarskyn er eðlilegt, en loftstreymi um vi. nös er truflað, og háir það honum talsvert. Dofatilfinning er undir vi. auga, ofan við augað miðlægt, á vi. hlið nefs og nefrótur og á nefbroddi. Sjón á vi. auga er ósködduð, og ekki hefur borið á höfuðverkjum. Eftir líkamsárásina hefur hann verið haldinn miklu og langvinnu hugarangri. Þar blandast saman reiði, gremja og jafnvel kvíði. Hann hefur verið uppstökkur og eirðarlaus og átt erfitt með að einbeita sér. Ekki er talið ráðlegt að lagfæra nefið með skurðaðgerð, þar sem árangur slíkrar meðferðar er með öllu óviss. Skaðinn á infra

orbital-taug verður ekki bættur með neinni þekktri læknismeðferð. Hér er því um varanlegan skaða að ræða og tímabært að meta nú tímabundna og varanlega örorku vegna þessa atburðar.

Tímabundin örorka í tvær (2) vikur 100%. Varanleg örorka 5% (fimm af hundraði).“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur var fenginn til að reikna út tjón stefnanda á grundvelli örorkumats Júlíusar Valssonar læknis. Útreikningur tryggingafræðingsins er dagsettur 10. október 1996 og miðaðist við framreiknaðar tekjur stefnanda fyrir árin 1990 til og með 1992. Niðurstaða útreikningsins var sú, að höfuðstólsverðmæti tekjutaps stefnanda á slysdegi var talið nema 48.600 kr. vegna tímabundinnar örorku, en 1.338.600 kr. vegna varanlegrar örorku. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda var áætlað 80.300 kr. Útreikningurinn byggðist á hefðbundnum útreikningsaðferðum, að því er varðaði dánarlíkur og missi starfsorku í lifanda lífi. Miðað var við vexti og vaxtavexti af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá slysdegi til útreikningsdags, alls 2,56% og miðað við 4,5% vexti og vaxtavexti eftir útreikningsdag.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir málsókn sína á því, að stefndi hafi með árás sinni valdið sér tjóni með saknæmum og ólögmætum hætti, enda hafi stefndi viðurkennt athæfi sitt og hlotið refsisdóm fyrir verknaðinn.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar á hendur stefnda þannig:

1) Bætur vegna tímabundinnar örorku	kr.	48.600
2) Bætur vegna varanlegrar örorku	–	1.338.600
3) Bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda	–	80.300
4) Miskabætur	–	1.000.000
5) Bætur vegna útlagðs kostnaðar	–	120.885
Samtals	kr.	<u>2.588.385</u>

Um lið 1. Stefnandi styður kröfu sína samkvæmt þessum lið örorkumats Júlíusar Valssonar og útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, en tekur fram, að hann hafi orðið fyrir mun meira tjóni en nemi þeirri fjárhæð, sem gerð sé krafa til í þessum lið. Þegar hann varð fyrir árásinni, hafði hann tekið að sér verkefni, sem myndi hafa aflað honum mun meiri tekna en svari til þeirra tekna, sem útreikningur tryggingafræðingsins miðist við, þ. e. framreiknaðar meðaltekjur árána 1990 til 1992. Engu að síður sé hér stuðst við framangreint örorkumat og útreikning.

Um lið 2 og 3. Stefnandi telur, að afleiðingar árásarinnar séu alvarlegri en svari 5% varanlegrar örorku, en miðar engu að síður kröfu sína samkvæmt þessum kröfuliðum við áðurnefnt örorkumat og útreikning, sem við það styðst.

Um lið 4. Til stuðnings þessum kröfulið vísar stefnandi til 264. gr. almennta hegningarlaga nr. 19/1940, sem í gildi var, þegar árás stefnda varð. Stefnandi styður miskabótakröfu sína þeim rökum, að árás stefnda hafi verið fólkskuleg og valdið sér miklu hugarangri, eins og lýst sé í örorkumati. Afleiðingarnar hafi verið kvalafullar og valdið sér varanlegum óþægindum, andlegum sem líkamlegum. Hann hafi að mestu verið sviptur þeirri ánægju að geta notið útivistar í tómstundum nema við bestu skilyrði að sumri til, s. s. reiðmennsku, skíðaiðkunar, skot- og fiskveiða o. fl. Miskabótakröfunni sé því stíllt í hóf með vísan til þessa.

Um lið 5. Stefnandi sundurliðar þannig kröfu sína samkvæmt þessum kröfulið:

- a) Tjón vegna ónýts fatnaðar 67.500 kr., en föt sín hafi verið alblóðug og rifin eftir árás stefnda.
- b) Kostnaður við örorkumat 34.200 kr. samkvæmt fram lögðum reikningi.
- c) Kostnaður vegna útreiknings Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings 16.185 kr. samkvæmt fram lögðum reikningi.
- d) Kostnaður af meðferð á slysadeild 1.500 kr. samkvæmt fram lögðum reikningi.
- e) Kostnaður við skoðun Einars Ólafssonar lækni samkvæmt fram lögðum reikningi 1.500 kr.

Stefnandi rökstyður þennan kröfulið með þeim hætti, að um sé að ræða óhjákvæmilegan kostnað, sem hann hafi orðið að ráðast í vegna árásar stefnda, og séu þessir kostnaðarliðir bein afleiðing hennar.

Stefnandi styður kröfur sínar að öðru leyti þeirri meginreglu skaðabótaréttar, að menn beri bótaábyrgð á sennilegum afleiðingum saknæmra og ólögðmætra athafna sinna. Kröfu sína um vexti styður stefnandi með vísan til vaxtalaga nr. 25/1987, en vísar til XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 til stuðnings málskostnaðarkröfu sinni.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Kröfu sína um lækkun á stefnukröfum reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru fjártjóni vegna hinnar læknisfræðilegu örorku. Ekkert komi fram í örorkumati Júlíusar Valssonar um það, að stefnandi hafi orðið fyrir vinnutapi, né heldur, að svo muni verða. Með hliðsjón af dómvenju verði því ekki vísað til læknisfræðilegrar

örorku, þegar ósennilegt sé, að hún leiði til vinnutekjutaps, en svo hátti hér til, sbr. Hrd. 1988, 267. Norrænar rannsóknir hafi leitt í ljós, að allt að 30% læknisfræðileg örorka og þaðan af minni leiði almennt ekki til nokkurrar skerðingar á vinnutekjum fólks, sbr. grein Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings í Tímariti lögfræðinga, 3. hefti 1984, bls. 129–130. Hæstiréttur hafi hafnað því að leggja læknisfræðilegt örorkumat og líkindareikninga tryggingafræðinga gagnrýnislaust til grundvallar sem fullnægjandi sönnunargögn um örorkutjón, heldur metið sjálfstætt, hvort meiðsli hlutaðeigandi manns séu líkleg til að skerða tekjuöflunarhæfi hans, sbr. t. d. Hrd. 1988, 267. Kröfum um örorkubætur sé hafnað og aðeins dæmdur miski, sbr. nefndan dóm, þegar meiðsli séu ólíkleg til að valda vinnutekjutapi. Ósann- að sé, að öðruvísi sé ástatt hjá stefnanda. Því verði að haga bótauppgjöri við stefnanda í samræmi við það.

Pá mótmælir stefndi því, að líkindareikningur Jóns Erlings Þorlákssonar verði lagður til grundvallar við bótaákvörðun, þar sem ósannað sé, að hin væga læknisfræðilega örorka stefnanda muni leiða til nokkurs vinnutekjutaps, einkum í ljósi þess, að stefnandi hafi ekki upplýst, að hann hafi beðið nokkurt tjón. Ekkert komi fram um það í örorkumatinu. Þar sem langur tími sé liðinn, frá því að áflogin urðu, séu allar líkur til, að stefnandi muni ekki verða fyrir neinu tjóni, og því engin efni til bóta fyrir vinnutekjutap, eins og krafist sé af hans hálfu. Örorka verði ekki bætt, meðan stefnandi haldi óskertum vinnutekjum, sbr. t. d. Hrd. 1990, 128.

Stefndi mótmælir enn fremur forsendum útreiknings Jóns Erlings Þorlákssonar á þeirri forsendu, að þar sé tekið mið af meðaltekjum síðustu þriggja ára, en við könnun á tekjum stefnanda komi í ljós, að þær hafi farið minnkandi. Árið 1990 séu árstekjur hans 1.710.000 kr. (framreiknað), en árið 1992 séu þær komnar niður í 1.041.900 kr. (framreiknað). Stefndi telur því rétt að taka aðeins mið af síðasta árinu, enda þróunin augljóslega sú, að tekjur stefnanda hafi farið mjög lækkandi. Fari svo, að dómurinn hafni þeim sjónarmiðum, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir varanlegu tekjutapi, beri að draga frá þann hluta bóta, sem ella gengi til opinberra gjalda, en staðgreiðsluhlutfall sé nú 41,93%. Sama gildi um lífeyrisréttindi og örorkubætur. Síðan beri að virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu bóta skv. dómvenju.

Pá heldur stefndi því fram, að virða beri til lækkunar jaðaráhrif skatta í tilviki stefnanda. Athuganir á jaðaráhrifum skatta hafa leitt í ljós, að þar geti verið um umtalsverða fjármuni að ræða. Þá sé ljóst, að stefnandi muni hugsanlega njóta verulegs fjárhagslegs hagræðis af því, að jaðaráhrifa skatta muni ekki gæta af bótafénu, þar sem bætur séu skattfrjálsar. Því sé

skorað á stefnanda að leggja fram skattframtöl fyrir árin 1993, 1994, 1995 og 1996, svo að unnt sé að reikna nákvæmlega út jaðaráhrif skatta í tilviki hans. Í sama tilgangi sé skorað á stefnanda að upplýsa um fjölda og aldur barna sinna.

Stefndi mótmælir sérstaklega miskabótakröfu stefnanda á þeirri forsendu, að í örorkubótum felist ávallt nokkur miski, sbr. grein Páls Sigurðssonar læknis í Tímariti lögfræðinga, 2. hefti 1972. Þá beri að miða við verðlag á slysdegi. Að öðru jöfnu virðist miski skv. dómvenju nema 10.000 kr. fyrir hvert örorkustig, þegar hann sé ákvarðaður sérstaklega. Hæfilegar miskabætur til stefnanda ættu því að nema 50.000 kr.

Tilraunum stefnanda til að „dramatisera“ afleiðingar átakanna sé sérstaklega mótmælt. Í örorkumati sé ekkert sagt um það, að stefnandi geti ekki notið þeirra tómstunda, sem nefndar eru í stefnu, né að stefnandi hafi stundað alla þá tómstundaiðju, sem þar sé nefnd. Látið sé að því liggja, að stefnandi geti ekki hafst við utandyra nema á bestu sumardögum. Örorkumat lækisins gefi ekkert tilefni til slíkra ályktana.

Stefndi mótmælir og kröfu stefnanda um bætur fyrir tímabundna örorku, þar sem engin gögn hafa verið lögð fram því til stuðnings, að stefnandi hafi verið frá vinnu í heilar tvær vikur, en ætla verði, að stefnandi hafi fengið laun frá vinnuveitanda sínum þann stutta tíma, sem hann var frá vinnu vegna slyssins, eða greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins eða úr atvinnuslysatryggingu.

Þá hafnar stefndi því með öllu, að raunverulegt tjón stefnanda sé meira en skv. útreikningi Jóns Erlings, þar sem stefnandi hafi tekið að sér verkefni á þessum tíma, sem hefði átt að gefa honum tekjur umfram meðaltekjur. Þessi staðhæfing stefnanda sé engum gögnum studd, og beri því að hafna henni.

Stefndi mótmælir enn fremur kröfu um greiðslu 67.500 kr. vegna ónýts fatnaðar. Ósannað sé með öllu, að fatnaður stefnanda hafi eyðilagst. Þá sé ósannað, að stefnandi hafi verið í þeim fötum, sem fram lögð yfirlýsing lúti að. Hafi stefnandi verið í þessum fötum og hafi þau eyðilagst, verði að taka mið af því, að fötin voru nær tveggja ára gömul, er átökin urðu, og sé því með öllu óeðlilegt að miða við verð þeirra, er þau voru ný.

Stefndi styður kröfu sína um málskostnað með vísan til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forsendur og niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslu fyrir dóminum auk málsaðila: Júlíus Valsson læknir, Ása Fönn Friðbjarnardóttir og Höskuldur Guðmundsson.

Í skýrslu sinni hér fyrir dómi hélt stefnandi fast við þá lýsingu sína, að stefndi hefði ráðist á sig að tilefnislausu. Kvaðst hann hafa verið á förum út af skemmtistaðnum Ömmu Lú og veitt þá konu athygli, sem virst hafi eitt-hvað miður sín, og spurt hana, hví hún væri í svo vondu skapi. Hún hefði svarað því til, að það væri sitt mál. Síðan hefði hann ekki vitað af sér, fyrr en hann lá í gólfinu. Hann hafi reynt að verja sig, en ekki komið við neinum vörnum, því að þetta hefði gerst svo hratt og óvænt. Hann hefði staðið upp og beðið dyravörð að kalla á lögreglu, því að hann ætlaði að kæra áráðarmanninn. Aðrir dyraverðir hefðu tekið stefnda. Síðan hefði verið farið með sig á kaffistofu starfsfólks staðarins eða í einhverja biðstofu, sem dyraverðir hefðu afnot af. Þar hefði hann jafnað sig í u. þ. b. eina til hálfa aðra klukkustund, en síðan farið gangandi á slysavarðstofuna og þurft að bíða þjónustu þar dágóða stund. Þar hefði hann hitt fyrir sömu konu, sem hann hefði séð á skemmtistaðnum. Spurði hún um líðan hans og hann þá sagt við hana: „Þú getur rétt ímyndað þér.“ Hún hefði svarað þessum orðum: „Ég var búin að segja þér að hætta þessu.“ Hann hefði spurt á móti: „Hætta hverju? Þú getur búið til hvaða sögu, sem þú vilt, en það er sannleikurinn, sem gildir.“ Hann hefði síðan séð stefnda koma út frá læknum og fengið þær upplýsingar, að stefndi væri handarbrotinn.

Þá kom fram hjá stefnanda, að hann væri ómenntaður, en hefði unnið sem sendibílstjóri frá árinu 1988 og starfaði enn sem slíkur. Áður hefði hann unnið hjá Lyfti hf. og einnig lengi hjá Eimskip og við höfnina. Hann kvað afleiðingar slyssins einkum lýsa sér í því, að hann væri viðkvæmur fyrir kulda og hitabreytingum og ætti því erfitt með að vinna í kulda, t. d. í frystiklefum, sem fylgi starfi sendibílstjóra. Afleiðingar áráðarinnar hefðu einnig haft mikil áhrif á möguleika sína til tómstundaiðkana, sem tengjast útiveru, eins og komi fram í örorkumati.

Stefndi lýsti aðdraganda áráðarinnar með sama hætti og fram kemur í málavaxtalýsingu hér að framan. Stefnandi hefði ekki látið sér segjast, þótt kona sín hefði margoft reynt að vísa honum frá, og haldið áfram að toga í hana. Hún hefði leitað skjóls á bak við sig og Höskuld, vin þeirra hjóna. Báðir þeir Höskuldur hefðu margbeðið stefnanda um að láta þau í friði, en hann ekki látið af áreiti sínu. Hann hefði ruðst fram hjá Höskuldi, sem framar fór, og stefndi þá stöðvað hann. Komið hefði til stimpinga og stefnandi rífið niður skyrtuvasa sinn og hann þá slegið stefnanda niður. Stefndi viðurkenndi að hafa síðan sparkað í stefnanda. Stefndi kvaðst hafa fundið, að hann var handarbrotinn eftir átökin, og því hefði hann leitað uppi dyravörð og fengið honum nafnspjald sitt, ef einhver eftirmál yrðu. Stefndi kvaðst aldrei fyrr hafa átt hlut að líkamsárás.

Bæði þau Höskuldur og Ása Fönn lýstu aðdraganda átakanna með sama hætti og stefndi. Öll voru þau sammála um, að stefnandi hefði verið ölv-aður, þegar umrætt atvik varð.

Júlíus Valsson læknir lýsti örorku stefnanda þannig, að skyntaug undir auga hefði skaddast og rofnað við högg það, sem stefndi veitti stefnanda. Oft sé það svo, að andlitstaugar vaxi að einhverju leyti aftur, sem leitt geti til fulls bata eða til bata að hluta, og þá geti það hent, að skyn brenglist, eins og gerst hafi um stefnanda. Kulsækni í andliti sé sérstaklega áberandi í tilvikum sem þessum, og sú hafi orðið raunin um stefnanda. Þetta geti verið mjög bagalegt hér á landi, bæði í leik og starfi. Hann kvaðst einnig hafa greint taugaveiklunar- og kvíðaeinkenni hjá stefnanda, sem ekki sé óeðli-legt eftir þá reynslu, sem hann hafi gengið í gegnum.

Læknirinn upplýsti, að hann væri ekki sérfræðingur í taugalækningum, og hefði hann stutt mat sitt sjálfstæðri skoðun á stefnanda og lýsingu hans sjálfs á sjúkdómslýsingum sínum. Engin greining með tækjum hefði farið fram í tilviki stefnanda.

Álit dómsins.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður að styðjast við frásagnir málsaðila og þeirra Höskulds Guðmundssonar og Ásu Fannar Friðbjarnardóttur um tildrög og aðdraganda átakanna. Engar aðrar heimildir eru tiltækar.

Það er álit dómsins, að leggja beri frásögn stefnda til grundvallar um aðdraganda að átökunum. Bæði er það, að hún er studd vætti Höskulds Guðmundssonar og Ásu Fannar Friðbjarnardóttur, og eins þykir hún trúverð-ugri, þegar lítið er til annarra gagna, sem liggja frammi í málinu.

Enda þótt þannig verði talið, að stefnandi hafi átt upptök að átökunum með þeim hætti, sem að framan er lýst, og virt að vettugi tilmæli og ábend-ingar stefnda og föruneysis hans um að láta af athæfi sínu, þykja viðbrögð stefnda ekki hafa verið í neinu samræmi við það áreiti, sem stefnandi kann að hafa valdið honum og sambýliskonu hans. Stefndi þykir því hafa með ólögætum og sagnæmum hætti valdið stefnanda tjóni því, sem mál þetta fjallar um.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir ekki ástæða til að skipta sök, en lítið verður til þáttar stefnanda í atburðarás.

Verður nú fjallað um hvern einstakan kröfulið stefnanda og samtímis um andsvör stefnda.

Um 1. Krafa um bætur fyrir tímabundna örorku, að fjárhæð 48.600 kr.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem ósönnuðum.

Samkvæmt fyrirliggjandi örorkumati var stefnandi óvinnufær í tvær vikur,

sem svarar til umkrafinnar fjárhæðar samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar.

Ekki þykja efni til að lækka umkrafða fjárhæð með vísan til fram lagðra ljósmynda, sem sýna, hvernig útliti stefnanda var háttað eftir átökin við stefnda. Sé eingöngu litið til þess, hvernig stefnandi var útlits, og ekki tekið tillit til annarra heilsufarslegra atriða stefnanda, þykir rétt að taka kröfu hans að fullu til greina varðandi þennan lið.

Um 2. Krafa um bætur fyrir varanlega örorku, að fjárhæð 1.338.600 kr.

Stefndi gerir kröfu til lækkunar samkvæmt þessum kröfulið í fyrsta lagi á þeirri forsendu, að útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar gefi ekki rétta mynd af tjóni stefnanda, þar sem þar sé miðað við tekjur síðustu þriggja ára fyrir átökin. Skattframtöl sýni, að tekjur hans hafi farið lækkandi þessi ár og verið lægstar árið 1992, en haldist nokkuð stöðugar frá þeim tíma fram á þennan dag. Því hafi átt að áætla tekjuskurðinguna hans við tekjur ársins 1992. Í annan stað reisir stefndi lækkunarkröfu sína á því, að lækka beri þennan kröfulið vegna hagræðis af skattfrelsi örorkubóta og hagræðis af eingreiðslu. Í þessu sambandi bendir stefndi á það, að við ákvörðun örorkubóta verði einnig að taka tillit til þeirra áhrifa, sem skattfrelsi örorkubóta myndi hafa á greiðslu barnabóta (jaðaráhrif skattalaga) til stefnanda. Loks bendir stefndi á, að örorka stefnanda hafi engin áhrif haft á tekjur hans samkvæmt fram lögðum skattframtölum.

Það er álit dómsins, að rétt sé að miða útreikning á tjóni stefnanda við tekjur hans síðustu þrjú ár fyrir umræddan atburð. Sú útreikningsaðferð styðst við langa framkvæmd og dómvenju í bótamálum vegna líkamstjóns. Ástæðulaust þykir að víkja frá þeirri framkvæmd í þessu máli. Þá er og hafnað þeirri málsástæðu stefnda, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að tekjur sínar hafi lækkað af völdum örorku sinnar. Aðferð sú, sem viðhöfð hefur verið við útreikning örorkubóta, byggist á þeirri hugsun, að ákveðnar líkur séu fyrir því, að ákvörðuð örorka leiði að jafnaði til samsvarandi lægri tekna, sé litið yfir starfsferil tjónþola í heild og afkomumöguleika hans. Gildir það einnig í tilviki stefnanda. Í þessu sambandi þykir einnig rétt að líta til þess, að stefnandi hefur ekki aflað sér sérmenntunar og hefur því minni möguleika en ella til að takmarka tjón sitt með því að leita sér annarrar vinnu.

Pegar tekið hefur verið tillit til skattfrelsis örorkubóta og hagræðis af eingreiðslu og annarra atvika, þykja hæfilegar bætur samkvæmt þessum lið nema 800.000 kr.

Hafnað er þeirri málsástæðu stefnda, að tekið verði tillit til jaðarskatta í tilviki stefnanda af eftirfarandi ástæðum:

Löggjafarvaldið hefur um langt skeið undanþegið örorkubætur skatt-skyldu. Tilgangur þessarar ívilnunar hlýtur að hafa verið sá að veita þeim styrk, sem beðið hafa líkamstjón. Dómsstólar hafi um áratugaskeið litið svo á, að tjónþoli eigi ekki að hagnast á tjóni sínu, og lækkað því tildæmdar skaðabætur honum til handa sem svarar til þess hagræðis, sem löggjafinn hefur ætlað honum. Þessari hefðbundnu aðferð er beitt í máli þessu. Það er hins vegar álit dómsins, að lengra verði ekki gengið á þessari braut, þrátt fyrir það að finna megj dæmi þess, að jaðarskattar geti í mörgum tilvikum skert viðbótartekjur langt umfram lögmælt skatthlutfall.

Um 3. Krafa um töpuð lífeyrisréttindi, 80.300 kr.

Fallist er á þessa kröfu, hvað fjárhæð varðar.

Um 4. Kröfur um miskabætur, 1.000.000 kr.

Í örorkumati Júlíusar Valssonar læknis kemur fram, að átök málsaðila hafa haft ýmsar óþægilegar afleiðingar í för með sér fyrir stefnanda. Þetta lýsir sér einkum í kulsækni stefnanda, sem hefur haft áhrif á daglegt líf hans og afþreyingarmöguleika.

Þegar allt er virt, sem að framan er rakið, eru bætur samkvæmt þessum lið ákveðnar 120.000 kr.

Um 5. Útlagður kostnaður.

Vísað er til sundurliðunar á bls. [1121] um þennan lið.

Liður a). Krafa um bætur vegna ónýts fatnaðar, að fjárhæð 67.500 kr. Fyrir liggur í málinu yfirlýsing frá versluninni Herramönnum, þar sem fram kemur, að stefnandi hafi í mars 1991 keypt föt, sem kostað hafi 67.500 kr. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfuleið og yfirlýsingunni sem ósannaðri. Gegn mótmælum stefnda þykir ekki fært að fallast á þennan kröfuleið.

Liðir b-e). Tekið verður tillit til þessara kröfuleiða við ákvörðun máls-kostnaðar, sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins, að stefnda beri að greiða stefnanda 1.048.900 kr. (48.600 + 800.000 + 80.300 + 120.000 = 1.048.900 kr.).

Tildæmd fjárhæð skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 256.875 kr., þar með talinn virðisaukaskattur, að fjárhæð 39.200 kr., og útlagður kostnaður. Til-dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppsögu dóms þessa til greiðsludags.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Steingrímur Helgason, greiði stefnanda, Gunnari Stefánsyni, 1.048.900 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 256.875 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur. Tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppsögu dóms þessa til greiðsludags.
